

## Stjórnarfundur TSÍ 30.10.07

Mættir voru Skjöldur, Raj. Ingólfur, Jónas, Hafsteinn og Gunnar

- Rædd voru netskrif stjórnarmeðlima. Skjöldur varaði við því að menn fáru of geyst í þessum eftum. Skrifuðu um málefni sem ekki hafi fengið umfjöllun hjá stjórninni og væru jafnvel á viðkvæmu stigi. Slík skrif geti farið á flakk og verið túlkuð ónákvæmlega á meðal manna utan stjórnar. Jafnframt áréttar Hann að menn gætu alltaf látið bóka ákveðin málefni á fundum ef þurfa þykir.
- Menn ræddu 50/8 regluna. Menn eru að mestu sammála um hana en kannski meira spurning um orðalag. Hafsteinn villa að skýrt sé að um frávik frá reglunni kunni að vera ræða ekki síst þar sem óheppilegt sé að þurfa að breyta reglunni eftir því hvernig vindar blása. Reglan mun standa samkvæmt ákvörðun stjórnar en undantekningar vegna meiðsla, fjarveru eða annarra hluta verða skoðaðar ef/þegar upp koma slík mál. Menn ræddu val á landsliðum í þessu sambandi. Jónas vill láta keppa um slíkt en Gunnar er því ósammála. Bentí á bestu íþróttamenn í USA sem ekki hafa komist á Olympíuleika af því þeir voru illa fyrir kallaðir eða veikir á einu móti. Skjöldur nefndi að hafa landsliðseinvald sé ekki svo slæm hugmynd. Hann hafi hlutina eins og hans sannfæring segir til um og þurfi ekki að afsaka valið við neinn.
- Verkefni landsliða næsta sumar vorur rædd: Davis Cup, Fed Cup, móti fyrir 12 ára og yngri og 14 ára og yngri. Ágæt verkefni sem þarf að skoða betur en Gunnar bentí á að það vanti verkefni fyrir nokkra hópa. Ekki síst fyrir aldurinn frá 14 ára til tvítugs. Þeir sem ekki eru í landsliðum en stefna samt langt. Þessi mál verða skoðuð betur en ekkert var ákveðið. Hafsteinn vildi skoða ferð til Danmerkur sem gefið hefur góða raun. Raj nefndi einnig æfingaferðir til heitari landa sem komið hafa vel út.
- Sífellit fleiri gefa sig út fyrir að þjálfa tennis og æskilegt að sem flestir hafi einhver verkefni til að glíma við. Greinilegt er að íþróttin er að lifna við í kjölfar nýju tennishallarinnar eftir erfitt tímabil. Menn voru sammála um það.
- Mótið sem Andri hélt gekk vel; frábært móti og góð þátttaka.
- Jónas ætlar að skoða aftur þann grundvöll að TSÍ hafi starfsmann í fullri stöðu. Fara þarf yfir ráðherrastyrkinn og einnig hvernig fjármagna á hinn hluta starfsins. Jónas mun dusta rykið af ágætum tillögum sem hann syndi okkur á sínum tíma. Raj hefur raunar gegnt stöðu framkvæmdastjóra TSÍ um nokkurt skeið án þess að þiggja laun fyrir.

**Skjöldur sagði reyndar frá ákveðnum vonbrigðum með þennan styrk en stóru samböndin fengu hlutfallslega meira en menn ætluðu í upphafi á kostnað minni sambanda.**

**Næsta fund boðar Skjöldur eftir 2 vikur.**

**Gunnar Finnbjörnsson ritari.**